



## Fundur í byggðaráði

**6. fundur byggðaráðs Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn fimmtudaginn 22. maí 2019. Fundur var settur kl. 12:05.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Mirjam Blekkenhorst, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Svo var ekki.

Að því búnu var gengið til dagskrár.

### Fundargerð

**1. Fundargerð 5. fundar velferðar- og fræðslunefndar, dags. 14. maí 2019**

*a) 2. liður: Umsókn um greiðslu fyrir skólavist utan lögheimilissveitarfélags*

Byggðaráð staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

**2. Fundargerð 5. fundar skiplags- og umhverfisnefndar, dags. 15. maí 2019**

Samþykkt að vísa liðum 2 og 3 er vísað til sveitarstjórnar.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

**3. Fundargerð 5. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar, dags. 15. maí 2019**

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

**4. Fundargerð 3. fundar hafnarnefndar dags. 10. maí 2019**

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

**5. Fundargerð verkefnisstjórnar Betri Bakkafjarðar, dags. 10. maí 2019**

Fundargerðin lögð fram.

**6. Langanesvegur 2 verkfundargerð, 21. maí 2019**

Fundargerðin lögð fram.

**7. Leikskóli nýbygging verkfundargerðir**



Verkfundagerðir dags. 1. og 20. mars, 8. apríl, 2. og 21. maí 2019 lagðar fram.

## **8. Leikskóli stöðuskýrsla**

Stöðuskýrsla Eflu, dags. 22. maí lögð fram. Áætluð verklok eru í byrjun júní, áætlaður framkvæmdakostnaður er áætlaður lítillega hærrí en upphafleg kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir, áætlað endanlegt verð pr. m<sup>2</sup> er áætlað nálægt 560 þ.kr. á m<sup>2</sup>.

## **9. Kostnaðarmat á viðgerðum og endurbótum á Veri, minnisblað frá Eflu dags. 7. maí 2019**

Minnisblað frá Eflu dags. 7. maí 2019 um áætlaðan kostnað við endurbætur á íþróttahúsi og sundlaug lagt fram. Heildarkostnaður við viðhald og endurbætur er áætlaður nálægt 200 m.kr.

**Bókun um afgreiðslu:** Ákveðið að halda áfram vinnu við framtíðarstefnumótun viðhalds og starfsemi miðstöðvarinnar.

Samþykkt.

## **10. Útboðslýsing á uppbyggingu og rekstri ljósleiðarakerfis – áfanga 2, Langanesströnd, maí 2019**

Útboðslýsing á uppbyggingu og rekstri ljósleiðarakerfis – áfanga 2, Langanesströnd, maí 2019 ásamt teikningu af fyrirhugaðri legu línunnar, korti með ljósleiðarakerfi á Bakkafirði og staðarlista lagt fram. Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar þá er útboð í gangi og verða niðurstöður kynntar eftir að útboðsfresti líkur.

## **11. Innsent erindi frá UNICEF á Íslandi, dags. 22. maí 2019**

Erindi frá UNICEF á Íslandi, dags. 22. maí 2019 lagt fram.

**Bókun um afgreiðslu:** Erindinu vísað til velferðar- og fræðslunefndar til umsagnar.

Samþykkt.

## **12. Umsagnir um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024**

Fram eru lagðar umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga til nefndasviðs Alþingis, dags. 3. maí sl. og umsögn Eyþings dags. 8. maí sl. er varða tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2020-2024.

**Bókun um afgreiðslu:** Byggðaráð tekur undir framlagðar umsagnir og leggur áherslu á að í fjármálaætlun verði staðinn vörður við þjónustu og innviði á landsbyggðinni. Sveitarstjóra falið að kom bókun á framfæri.

Samþykkt.

## **13. Grænbók, stefna um málefni sveitarfélaga**



Fram er lögð svokölluð grænbók um framtíðarstefnumótun í málefnum sveitarfélaga.

**Bókun um afgreiðslu:** Byggðarráð hvetur sveitarstjórn og nefndir til að kynna sér framlagða grænbók og vísar henni til umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt.

#### **14. Þriggja mánaða uppgjör**

Lögð fram yfirlit rekstrar Samstæðu, A hluta og launakostnað fyrstu þrjú mánuði ársins. Afkoma er undir væntingum, vinna í gangi við að ná markmiðum fjáráætlunar.

Mirjam vék af fundi kl. 13:05.

#### **15. Brothættar byggðir – munnleg skýrsla**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu og framgangi mála.

#### **16. Finnafjörður, staða mála – munnleg skýrsla.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu og framgangi mála.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:39.